

## Synt yfir Jökulsá á Fjöllum

Kristján Sæmundsson


*Íslenskum Orkurannsóknnum, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, Iceland*

*Kristjan.Saemundsson@isor.is* <https://doi.org/10.33799/jokull2020.70.145>

Svo bar við sem oftast að ég tók fram „Ódáðahraun“ Ólafs Jónssonar í grúski mínu. Þar kom í hendur mér úrklippa úr jólablaði Þjóðviljans frá 1948 með frásögn: „Sundriðið yfir Jökulsá á Fjöllum“. Það gerði slompaður prestur á gamals aldri í nóvember 1889 á ferjustaðnum vestur af Grímsstöðum á Fjöllum sem nú eru, en þá 7 km innar (voru fluttir um árið 1900). Ég minntist þess þá að hafa lesið frásögn um tvo Breta sem gerðu betur og syntu yfir Jökulsá inn á móts við Möðrudal á Efra-Fjalli. Það var í maí 1933, og er frásögnin í bók eftir annan þeirra, David Haig-Thomas: „I leap before I look“. Bókarheitið á vel við efnið. Það sést af sumum öðrum „hlaupum“ höfundar. Haig-Thomas var fæddur 1908, gerðist fuglafræðingur, féll í innrásinni í Normandie 1944. Fuglarannsóknir hans beindust að Norður-Kanada, einkum Ellesmere-eyju og Norðvestur-Grænlandi. Til Íslands kom hann með breskum togara til Reykjavíkur og fór síðan sjóleiðis til Akureyrar. Þar hitti bókarhöfundur óvænt landa sinn, Edward Byrd, á hóteli. Sá var þar staddur til að komast á gæsaslóðir, langt inn á öræfum þar sem heitir Lindá. Þar var sagt, að gæsir verptu hópum saman við smáa sem svo heitir. Sumir töldu vera margæsir, aðrir grágæsir, en líklegast væru þetta heiðagæsir („bleikfætlur“ sem Bretar kalla), en þær höfðu raunar fundist tveim árum fyrr í öðrum dal segir í bókinni (þ.e. vestur við Skjálfandafljót).

Í bókinni er farið á hundavaði yfir Íslandsferðina, en þó greint frá leið og ferðamáta sem og helstu gisti- og dvalarstöðum. Örnefni eru fáein nefnd, sum skringilega afbökud (Heydribrud og Jugoslav fyrir Herðubreið og Jökulsá, en Grafarlönd sluppu með Graviland). Frá Akureyri var landferðin undirbúin

og síðan haldið ríðandi austur á bóginn, fyrst að Mývatni og þaðan eftir skamma viðdvöl austur og inn að Möðrudal. Þangað var tveggja daga ferðalag. Jökulsá var þá enn óbrúud á móts við Grímsstaði (það var gert 1947), en lögferja var þar á henni. Bóndinn sem fylgdi þeim austur að ánni ferjaði þá yfir á gömlum trébát, en hestarnir voru reknir í ána og syntu. Hann reri svo á eftir þeim og hottaði á þá uns yfir kom. Áfangastaðurinn, Möðrudalur, er ekki nefndur né heldur nokkur heimilismanna, en ljóst er af samhenginu að þangað fóru þeir. Þá var þar torfbær. Steinsteypuhús er sagt í byggingu í bók Halldórs Stefánssonar um Möðrudal sem út kom 1943.



Aðdragandi og viðureign við Jökulsá var annars á þessa leið:

„Okkur hafði verið sagt að varpland gæsanna væri á næstu grösum, en nú kom í ljós að það var handan Jökulsár og þangað væri heil dagleið. Við töldum, að fjórir dagar myndu nægja til að skoða gæsavarpíð, keyptum því nægar matarbirgðir og héldum af stað. Möðrudalsbónda fengum við til að ferja okkur vestur yfir ána á bátkænu sem var mesta skrifli, en laslegri en fleytan norður á lögferjunni. Áin hlýtur að hafa verið góðir 100 yardar á breidd og straumur í henni var hraður. Hér og þar stóðu steinar upp úr og á þeim hvítfyssaði flaumurinn. Vesturbakkanum náðum við eftir að hafa borist langt ofan eftir. Þar skildi bóndi við okkur og var ákveðið að hann skyldi sækja okkur á fimmta degi aftur. Það var áliðið dags og við fórum ekki lengra þann daginn, en kvöddum bónda og settust að. Honum var um og ó að skilja okkur þarna eftir, minnst slysfara þar sem þrír menn höfðu týnst af gúmmibát við rannsóknir á vatni einu, en sá fjórði bjargaðist og fannst ráfandi um vitskertur og gat ekkert upplýst“. (Þannig gengu enn ýkjusögur af slysförum í Öskju 1907).

Daginn eftir fóru þeir Byrd á stúfana að leita að þeim bleikfættu, en þótt farið væri um allt, eins og þar stendur, fundu þeir einungis tvö bleikfætlu-hreiður og sneru aftur til tjaldsins.

„Okkur hraus hugur við að bíða fjóra daga eftir að verða sóttir, og á endanum ákváðum við að synda austur yfir ána. Síðan þá hefur mér lærst að eina leiðin til að synda í hröðum straumi sé að beina fótunum niður og stefna undir 45° horni á straumstefnuna. Ekki yrði hjá því komist, að höfuðið fari í kaf ef synt væri með fætur nærri yfirborði í iðuköstum straumvatns, stundum svo að freyddi. Við urðum að vera í skónum vegna eggjagrjóts sem hætt var við að stíga á þar sem grynningar voru. Og í fótunum urðum við að synda, því að löng ganga tók við til bæjar þegar yfir

kæmi. Við óðum út í ána og straumurinn kippti fótunum óðar undan okkur. Það kom sér vel fyrir okkur að áin var mjög breið og sums staðar grynningar þar sem við gátum hvílst. Þegar fjórðungur var eftir leiðar, fór hausinn á mér tvisvar eða þrisvar í kaf, og ég gleypiti gúlfylli af vatni. Hvít straumiðan fór yfir höfuð mér og ég fór að halda, að ég næði ekki til lands. Straumurinn bar mig að smánibbu og í örvæntingu náði ég með síðustu sundtökum til hennar. Fingurnir fundu þó enga festu, og höfuðið fór enn í kaf. Fæturnir námu botn, og ég snerist um í hringiðu. Þar kom að hendur mínar fundu fyrir ósléttri klöpp og með síðustu kröftum gat ég stöðvað mig og dróst upp á árbakkann. Þar lá ég um stund með andköfum, frussandi og hóstandi upp vatni. Edward sá ég ekki ná landi, en hann sagði mér, að það hefði ekki mátt tæpara standa. Við gengum svo til bæjar. Bóndi ætlaði ekki að trúa okkur, að hægt væri að komast yfir Jökulsá öðruvísi en á bát, vegna þess hvað köld hún er og straumur mikill“.

Eftir þetta fór hvor í sína átt að sinna hættuminni fuglaskoðun, Byrd út á Langanes, en Haig-Thomas að Mývatni. Þaðan lýsir hann kátlegri aðferð við ljósmyndun fugla, kynnum við Mývetninga og annan landa sinn, Robinson, sem þar var í svipuðum erindum og hann sjálfur, hálfgerðan furðufugl, en það er önnur saga.

## HEIMILDIR

- Bragi Sveinsson 1948. Sundriðið yfir Jökulsá á Fjöllum. *Þjóðviljinn* jólin 1949, bls. 42–43.
- David Haig-Thomas 1936. *I leap before I look*, 271 bls. Um Ísland. Kaflar: „To Iceland“ og „Bird Photography“, bls. 176–204.
- Halldór Stefánsson 1943. *Þættir úr sögu Möðrudals á Efra-Fjalli*, 96 bls.
- Peter Scott og James Fisher 1953. *A Thousand Geese*, 240 bls. Um Haig-Thomas, sjá bls. 187–189.